



Félag áhugafólks og aðstandenda  
Alzheimerssjúklinga og annarra  
skyldra sjúkdóma

FAAS



**Aðalfundur FAAS 10. maí 2012.**  
haldinn á Grand Hótelu í Reykjavík kl.17:30.

**Dagskrá:**

1. Setning fundarins
2. Kosning fundarstjóra
3. Skýrsla stjórnar
4. Endurskoðaðir ársreikningar félagsins lagðir fram
5. Endurskoðaðir ársreikningar dagþjálfunarhúsa skýrðir
6. Skýrslur fagráðs og starfshópa
7. Lagabreytingar
8. Kosning stjórnar
9. Kosning skoðunarmanna reikninga
10. Ákvörðun um árgjald
11. Önnur mál
12. Fundi slitið

**1. Setning fundarins.**

Fanney Proppé Eiríksdóttir, formaður setur fundinn kl. 17:40.

**2. Kosning fundarstjóra og fundarritara.**

Fundarstjóri: Ólafur Gústafsson

Fundarritari: Guðmunda Kristjánsdóttir

**3. Skýrsla stjórnar.**

Fanney Proppé formaður FAAS flutti skýrslu stjórnar 27. starfsárs FAAS.

Skýrsla stjórnar er á heimasíðu FAAS. Mættir voru 58 félagsmenn en samkvæmt lögum FAAS hafa þeir einir rétt til að sitja aðalfund sem lokið hafa greiðslu árgalds liðins árs. Félagatal í dag er að nálgast 1100 manns.

**4. Endurskoðaðir ársreikningar félagsins lagðir fram.**

Viðar Elísson endurskoðandi les yfir og útskýrir ársreikninga FAAS.

**5. Endurskoðaðir ársreikningar dagþjálfunarhúsa skýrðir.**

Viðar G. Elísson kynnir og útskýrir ársreikning dagþjálfunarhúsanna þriggja hvers fyrir sig.

6. **Skýrslur fagráðs og starfshópa.**

Sigríður Lóa Rúnarsdóttir flutti skýrslu fagráðs.

**Orðið var síðan gefið laust um liði 3,4,5 og 6.**

Spurt var um kostnaðarhlutdeild húsanna. Um hvaða kostnað væri að ræða.

Endurskoðandi svarar því til að áður og fyrr voru laun framkvæmdarstjóra og starfsmanna, greidd af húsunum og skrifstofumaður einnig á launum frá húsunum. Í dag er hluti launa framkvæmdastjóra fyrir húsin og hluti fyrir FAAS. Bókhaldið var fært á skrifstofu. Launakostnaður er mest í kringum húsin en tengist FAAS einnig. Starfsmaður á skrifstofu hætti um áramótin 2011-2012 og reiknað verður út breytt kostnaðarhlutfall frá og með áramótum.

Spyrjendur höfðu sterka skoðun á því að laun framkvæmdastjóra væru of há og spurt var hvers vegna húsin þyrftu yfirstjórn. Svar: FAAS ber ábyrgð á rekstri húsanna.

Hörður J. Oddfríðarson, aðstandandi og starfsmaður í heilbrigðiskerfinu fer í pontu og þakkar starfsmönnum húsanna fyrir gott starf. Ræðir um samvinnu starfsmanna og aðstandenda. Þakkar stjórn fyrir greinagóða skýrslu og góð störf. Finnst leitt að þurfa að loka stofnunum. Vill nýta 21. september betur. Spyr um starfsmannastefnuna. Hvernig var hún innleidd. Þarf að vera í sátt. Finnst að stjórnarmenn hafi skrúfað velferðarkerfið í sundur. Vill beita FAAS fyrir í forsvari við velferðarkerfinu.

Formaður svarar Herði varðandi sumarlokun og segir að engin sumarlokun sé í dagþjálfunum aðeins varðandi skrifstofu og minningarkortavakt sé viðhöfð á meðan. Svarar fyrirspurn um að stefna FAAS sé að reka ekki dagþjálfanir, þær ættu að vera sjálfstæður rekstur. Vill sjá FAAS sem þrýstihóp fyrir aðstandendur. Ítrekar að verið sé að draga úr kostnaði eins og mögulegt sé.

Ársreikningar bornir upp og þeir samþykktir með öllum greiddum atkvæðum. Enginn ámóti.

7. **Lagabreytingar.**

Daníel Isebarn Ágústsson lögfræðingur útskýrir **10. grein, Félagsdeild**. Upp hafði komið röng skráning og óskað var eftir því að fólk kynnti sér málið og kæmi með athugasemdir en Daníel segir að engar athugasemdir hafi komið. Breyting skráningar mun ekki hafa áhrif á reksturinn. Þetta sé formsatriði sem þarf að fara í gegn svo að skráningin sé rétt.

Lagabreytingartillagan hljóðar svo:

*10. gr. Félagsdeildir.*

*Innan félagsins eru starfræktar félagsdeildir sem sjá um rekstur dagþjálfana.*

*Stjórn og framkvæmdastjóri FAAS hverju sinni eru jafnframt stjórn og framkvæmdastjóri félagsdeilda. Aðalfundur FAAS skal jafnframt vera aðalfundur félagsdeilda og málefni félagsdeilda eru hluti af dagskrá aðalfunda samkvæmt 5. gr.*

*Hverri félagsdeild er heimilt að vera með sérstakan forstöðumann sem sér um daglegan rekstur viðkomandi dagþjálfunar. Hver félagsdeild hefur aðskilinn fjárhag og kennitölu. Endanleg fjárhagsleg ábyrgð á rekstri deildanna er á ábyrgð FAAS.*

*Félagsdeildir hafa tekjur af daggjöldum sem greidd eru samkvæmt þjónustusamningum við ríki og/eða sveitarfélög. Félagseildir greiða allan rekstrarkostnað við dagþjálfun. Allar meiriháttar ákvarðanir deilda skulu teknar af stjórn félagsins.*

*Félagsdeild verður stofnuð og lögð niður á félagsfundum FAAS með samþykki meirihluta þeirra félagsmanna sem fundinn sitja.*

*Fram kom breytingartillaga: Breytingartillaga við 10. gr. lið 3. fyrri breytingartillögu. Hver félagsdeild skal vera með hjúkrunarfræðimenntaðann forstöðumann sem hefur faglega ábyrgð og sér um daglegan rekstur viðkomandi dagþjálfunar.*

Flutningsmenn voru þær Ágústa Helgadóttir og Marta Pálsdóttir.

Töluverð umræða varð um tillöguna og breytingartillöguna.

Daníel útskýrir lagalegar heimildir varðandi umrætt mál og segir að fyrirtækjaskrá geti aðeins sætt sig við félagsdeildir en ekki dagþjálfanir.

Aðstandandi taldi engu skipta um hvað þetta hét. Heilbrigðislög geta breyst og þá þarf að breyta enn og aftur orðalagi laganna hjá FAAS. Vill fara að ræða málefnið og hætta þrasi um lagabreytingar.

Formaður segir okkur fara eftir lögum og stefnan er sú að dagþjálfun verði sjálfstæðar og e.t.v. sjálfseignarstofnanir í framtíðinni sem geri félaginu auðveldar með að breyta síðar. Biður um að lagabreytingin verði samþykkt eins og hún er. Útskýrir að mikil vinna hafi verið lögð í þetta s.l. tvö ár í samráði við Fyrirtækjaskrá RSK. Guðrún Viggósdóttir sem situr í laganefnd lofar starfsemi húsanna. Telur að FAAS vilji hafa hæfasta fólkið og hjúkrunarfólk þurfi ekki að hafa áhyggjur af þessu máli. Hrafn Magnússon úr varastjórn FAAS, telur miklu máli skipta að ná sameiginlegri lendingu í málum. Ekki þurfi að taka fram að hjúkrunarfræðing þurfi, þar sem er ætíð er farið að lögum.

Fundarstjóri bar upp breytingartillögu stjórnar með framkominni breytingartillögu.

Var hún samþykkt með 29. atkvæðum gegn 10. Margir sátu hjá.

Samþykkt tillaga á aðalfundi FAAS 10. maí 2012:

*10. gr. Félagseildir.*

*Innan félagsins eru starfræktar félagsdeildir sem sjá um rekstur dagþjálfana.*

*Stjórn og framkvæmdastjóri FAAS hverju sinni eru jafnframt stjórn og framkvæmdastjóri félagsdeilda. Aðalfundur FAAS skal jafnframt vera aðalfundur félagsdeilda og málefni félagsdeilda eru hluti af dagskrá aðalfunda samkvæmt 5. gr.*

*Hver félagsdeild skal vera með hjúkrunarfræðimenntaðann forstöðumann sem hefur faglega ábyrgð og sér um daglegan rekstur viðkomandi dagþjálfunar. Hver félagsdeild hefur aðskilinn fjárhag og kennitölu. Endanleg fjárhagsleg ábyrgð á rekstri deildanna er á ábyrgð FAAS.*

Félagsdeildir hafa tekjur af daggjöldum sem greidd eru samkvæmt þjónustusamningum við ríki og/eða sveitarfélög. Félagsdeildir greiða allan rekstrarkostnað við dagþjálfun. Allar meiriháttar ákvarðanir deilda skulu teknar af stjórn félagsins.

Félagsdeild verður stofnuð og lögð niður á félagsfundum FAAS með samþykki meirihluta þeirra félagsmanna sem fundinn sitja.

#### 8. **Kosning stjórnar.**

Tillaga frá Guðmundu Kristjánsdóttur og Ingibjörgu Magnúsdóttur um að Fanney Proppé Eiríksdóttir verði kjörin sem formaður FAAS starfsárið 2012-2013 er samþykkt samhljóða.

Úr stjórn eiga að ganga: Guðríður Ottadóttir núverandi ritari FAAS og Guðmunda Kristjánsdóttir. Guðríður gefur kost á sér til áframhaldandi stjórnarstarfa næstu tvö árin. Ragnheiður Kristín Karlsdóttir aðstandandi gefur kost á sér og Sigrún K. Óskarsdóttir forstöðumaður dagdeildar Hlíðarbæjar einnig. Niðurstaða í kjöri féll þannig að Ragnheiður fékk 34 atkvæði. Guðríður 31 atkvæði og Sigrún 28 atkvæði. Auðir seðlar voru fjórir. Varamenn eru áfram Hrafn Magnússon og Bjargey Una Hinriksdóttir.

#### 9. **Kosning skoðunarmanna reikninga, einn aðalmaður og einn varamaður.**

Aðalmaður: Óðinn Helgi Jónsson skrifstofustjóri, Rekstrar- og fjármálaskrifstofu Forstæisráðuneytisins. Varamaður: Kristinn Jörundsson viðskiptafræðingur og bókarari hjá VHE ehf.

#### 10. **Ákvörðun um árgjald.**

Stjórn FAAS gerir að tillögu sinni að árgjald félagsins verði hækkað úr kr. 2.500.- í kr. 3000.- Tillagan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

#### 11. **Önnur mál.**

Margrét Gústafsdóttir tjáir sig um að hún ætli að segja sig úr félaginu þar sem FAAS vilji ekki taka á móti hjúkrunarnemum. Formaður bað Margréti að útskýra við hvað hún ætti, þar sem FAAS hefði ávallt fagnað aðkomu hjúkrunarnema og teldi bara gott af því leiða að kynna yngra fólki þessa starfssemi. Málið snérist þá um kennslu í HÍ sem ekki er á vegum FAAS.

#### 12. **Fundi slitið.**

Formaður þakkaði fundarstjóra og fundarritara þeirra störf, stjórn og fundarmönnum góða fundarsetu og þáttöku í fundinum og sleit fundi kl. 19:45.